

MYNDLIST

Hin brennda ímynd mannsins

Listamenn þurfa að ráða við handbragð og tækni til þess að geta komið tilfinningum sínum á strigann (listaverkið) og á framfæri við listunnandann.

Sýning Jóns Óskars er sýning á tækni og kunnáttu sem hann hefur óðlast. Þetta er því sýning að loknu námi. Það gerist nú æ tíðara að jafnvel nemendur sýni á opinberum stöðum, og þá ólærða list, og það á jafnt við myndlistarfólk sem tónlistarfólk, leikara, söngvara. Vandræðalegast er þetta á sviði tónlistarinnar þegar „snillingar við nám í Bandaríkjunum“ eru að gutla á pianó á vegum einhverra tónlistarsamtaka (og stofnana Framsóknarflokksins, í baksýn) að Kjarvalsstöðum.

Þegar sú listgrein hófst sem ekki er spröttin af innri þörf mannsins eða hægt er að tjá með líkamanum einum án hjálpargagna, svo sem tónlistin, sagnalistin, ljóðlistin og málalistin, það er að segja kvikmyndalistin, sem tæknikunnáttan leiddi af sér en ekki innri frumstæð þörf til tjáningar, þá þurfti hún á ýmsum hjálparögnum að halda til að laða að sér múginn, sem er enn helsti áhangandi hennar. Eitt helsta hjálpargagnnið voru risastór málverk af stjörnunum sem prýddu framhlið kvikmyndahúsanna. Myndirnar á veggspjöldunum voru málaðar í hráum blæbrigðalausum litum, því slíkir litir ganga helst í múghugsun og eðlisávisun dýra, eins og rannsóknir hafa sannað. Slík list hafði mest áhrif í Rússlandi, og við stofnun Sovétríkjaanna færðu valdhafarnir „hina miklu leiðtoga“ yfir á risaveggspjöldin í staðinn fyrir leikarana. Þannig varð kommúnisminn brátt kvikmyndalistinni að bráð: hann fór að leika í kvikmynd í stað þess að vara í raunveruleikanum og lýðurinn hélt (og viðkvæmt menntafólk) að kvikmynda-leikurinn væri fúlasta alvara. Hin risandi listgrein „ljósmyndasamsetningur“ photomontage fór líka að hafa áhrif á sovísk stjórnmál: með tæknibrógðum listgreinarinnar gátu valdhafarnir fært fólk til og frá á

myndum eftir geðþótta sínum og kölluðu marxisma. Þannig hvarf Trotsky, og konum Maos* var vippað af hestum eftir vild og tunnupokar látnir í staðinn. Listastefnur voru þannig notaðar í þágu stjórnmálageðþótta.

Í vestrænni menningu var þetta ekki stundað að ráði, nema þegar auðvaldið þurfti að koma nokkrum hryðjuverkum sínum yfir á kommúnismann. En það furðulega gerðist að meðal múhameðstrúarmanna, þar sem hvers kyns myndagerð er syndsamleg, samkvæmt kenningum Al-kúransins (eða Kóransins), þar fóru valdhafarnir að láta mála kvikmyndaplaköt af sér, í anda leiðtogaanna í Kreml og kvikmyndalistar þeirra. Þó Komeni fordæmi allt sem er vestrænt, en lofi trúarbækur sínar, heldur hann samt í heiðri hina syndsamlegu kvikmynda-plakatslist: stór veggspjöld af sér. Það er sökum áróðursgildisins sem slíkar myndir hafa fyrir lýðinn. Allir arabaleiðtogar stunda þessa skurðgoðadýrkun myndarinnar, og það sem athyglisverðast er að á þeim öllum eru þeir með blá augu, jafnvel heiðblá augu, nema Komeni. Þótt hann sé reyndar aríi eins og Íranar, enda eru þeir ekki arabar.



„Með sama framhaldi gæti Jón Óskar endað sem leiktjaldamálari hjá Ísfilim. Og myndin á sýningunni að Kjarvalsstöðum af mannum með brennda andlitið gæti þá hafa verið hin brennda ímynd hans sjálfs.“ segir Guðberg Bergsson m.a. í gagnrýni sinni um myndlistarsýningu Jóns Óskars.

eftir Guðberg Bergsson



kringum“. Sum dýr skita aldrei í hreiður sitt heldur fyrir utan það.

Og svo eru þarna fánar, ágætir til að nota í íslenskum kvikmyndum, þegar gerðar verða myndir af víkingum sem verða sambland af ítölskum teiknimyndaflokkum um víkinga, samúrægjum, kúrekum, indíánum og spaghettikúrekum. Við getum gert okkur þá í hugarlund, þegar þeir þeysa fram með þjóðlega fána með víkingamyndum úr haugskípasafni, auðvitað á íslenskum hestum með einhvers konar loðnu himalæjasniði.

Með sama framhaldi gæti Jón Óskar endað sem leiktjaldamálari hjá Ísfilim. Og myndin á sýningunni að Kjarvalsstöðum af mannum með brennda andlitið gæti þá hafa verið hin brennda ímynd hans sjálfs.

En ungir menn koma ekki aðeins úr skóla, þeir segja skilið við hann með tímanum en varðveita tæknina sem vannst. Og vísa ég nú til upphafs þessa pistils: Listamenn þurfa að.....

* Margar deildir maóista klofðu vegna deilna um hina frægu mynd, sumir héldu því fram að CIA hefði falsað myndina og látið konu á hestinn í stað tunnupoka, enda hefði Maó fremur þurft á tunnupokum að halda en kvenmanni, því hægt er að geyma skotfæri í tunnupokum en ekki í konum, en Kanar væru alltaf með kvenfólk á heilanum sökum áhrifa frá kvikmyndum.

Myndir á hinni frægu sýningu í Köln 1928 sem nefnd var International Press Exhibition voru photomontage eftir Lissitzky og flestar Lenínmyndir eru falsanir eða list Dziga Vertovs; sjá ævisögu hans: Minningar bolsévísks kvikmyndagerðarmanns. Síðar urðu sovétmenn snillingar í „listrænum jarðarförum“. Hér er ekki hægt að rekja jarðarfarafræðinginn sovéska til málalistarinnar og evrópskra kryningarhátíða. En allt var þetta „hannað“ af hinum frábæru sovéska listamönnum sem var síðan komið fyrir kattarnef svo ekki kæmist upp um stílinn. Ef vel er að gáð koma samt áhrifin í ljós.

POPP

Einfeldningar

Nú hefur farið svo, sem reyndar margir þóttust sjá fyrir, að hljómsveitin Tappi Tíkarrass hefur lognast út af. En áður en þau hættu tókst þeim að koma út einni stórrí plötu, sem heitir Miranda, en þau voru ekki til staðar til að fylgja henni eftir með spilamennsku og má vera að það hafi komið í veg fyrir að hún hafi heyrst meir en raun er á. Er það raunar miður, því þetta er hin ágætasta plata og sannarlega í hópi þess besta sem út kom af íslenskum plötum á árinu 1983, sem að visu var heldur dauft hvað hljómplötuútgáfu varðar – ekki þurfti nú nein meistaraverk til að komast í hóp þess besta.

Miranda er ósköp þægileg og þokkaleg plata og greinilegt er á þeirri tónlist sem á henni er að finna að Tappinn hefur enn verið í nokkurri framför, þegar hinsta kallið kom. Það sem kemur mér einna mest á óvart er hversu mikið af rólegu efni er að finna á plötunni og er það síður en svo af hinu verra. Það er nefnilega allt of lítið um að nýrri íslensku hljómsveitirnar hafi spreytt sig á rólegri tónlist. Það er nú svo að oft má fela vankantana í hraðanum og rólegri lög þurfa yfirleitt sterkari laglinur og oft á tíðum fjölbreytilegri hljóðfæraleik en þau hröðu, til þess að halda athygli hlustandans.

Meðlimir Tappans eru allir ágætir hljóðfæraleikarar; þó finnst mér stundum að krafturinn í bassaleiknum sé ekki nógu mikill í samspilinu með trommunum, en líklega er hér um hljóð (sound) spursmál að ræða. Björg stendur yfirleitt fyrir sínu sem söngkona og er hún reyndar í hópi betri söngkvenna landsins.

Lögin eru flest nokkuð góð og vil ég sér-

lega minnst á Beri Beri, sem er þokkalegt fónklag, Get ekki sofið, Sokkar og Tjet (ég held það sé nafnið).

Hins vegar eru textarnir heldur aumar rit-smíðar. Innviklaður „menntaskólamóral“ er þar ráðandi og líklega eru þeir flestum óskiljanlegir, öðrum en þeim sem þá sömdu.

Frakkar – 1984

Hvað ætli þær verði margar plötur sem koma út á þessu ári sem heita 1984? Ég hef trú á því að það verði allmargir, sem gripa til þess ófrumleika að nota sér nafnið á þessari frægu sögu Orwells nú þegar komið er að þessu herrans ári í tímatalinu.

Hljómsveitin Frakkar er ein þeirra hljómsveita, sem þegar hafa sent frá sér sína 1984 og er tónlistin sem þar er að finna álika ófrumleg og nafngiftin. Ég las einhversstaðar í viðtali við Mike Pollock, söngvara hljómsveitarinnar, að Frakkarnir flyttu fónktonlist. Ég er enn að leita eftir þessu á plötunni. Að visu er tónlistin undir áhrifum fónktonlistar en hún nær því þó hvergi almennilega að geta talist fónkuð. Það næsta sem þeir komast því er í laginu Boogie Man. Ástæðan fyrir þessu er líklega sú að rypmaparið er ekki að spila fónku. Þá sérstaklega ekki trommuleikarinn og ekki megnar ásláttarleikur Ásgeirs Óskarssonar að bjarga þessu. Gítarrypminn er léttur og kraftlaus og það sem verst er, líflaus. Raunar er ekki nema einn ljós punktur í hljóðfæraleiknum á plötu þessari og er það þáttur Björgvins Gíslasonar en hefði hans ekki notið við er næsta

áriðanlegt að það væri óbærilegt að hlusta á hana. Björgvin fer víða á kostum og sannar hann enn einu sinni að hann á sér fáa jafningja hér á landi á sviði gítarleiks.

Þegar ég heyrði plötu þessa fyrst, datt mér í hug önnur tilraun íslenskrar hljómsveitar til að spila fónkaða tónlist, þ.e. fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar Júdas. Það þótti nú ekki sérlega góð plata en þeir voru þó miklum mun nær markinu þá en Frakkarnir eru núna.

Simple Minds – Sparkle in The Rain

Hljómsveitin Simple Minds varð til í Edinborg í Skotlandi árið 1978 en nokkrir meðlima hennar voru áður í pönksveitinni Johnny & the Self Abusers. Simple Minds voru í fyrstu undir áhrifum frá „glimmer“ sveitum áttunda áratugarins og þá sérstaklega Roxy Music, en með tímanum hefur þeim tekist að þróa með sér sinn sérstaka stíl. Nú er málum þeirra þannig háttað að þeir eru ein vinsælasta hljómsveit á Bretlandseyjum og t.d. fór nýja stóra platan þeirra, Sparkle In The Rain, beint í fyrsta sæti breska vinsældalistans. Það eru Margir sem tala nú um Simple Minds sem Genesis níunda áratugarins.

Árið 1982 sendi Simple Minds frá sér plötu New Gold Dream og var hún talin ein af bestu plötum þess árs. Það var þá ljóst að það yrði þeim erfitt verk að fylgja plötu þessari eftir og hvað þá gera betur. Þeim hefur heldur ekki tekist að gera betur á Sparkle In

The Rain en í fljótu bragði heyrst mér hún ekki standa New Gold Dream langt að baki. Tónlistarlega eru þetta nokkuð svipaðar plötur en þó er yfirbragð Sparkle In The Rain nokkru þyngra. Þá á ég við að hún sé öllu þyngrri í taktinum en ekki endilega mikið flóknari. Það er trommuleikurinn sem gerir fyrst og fremst þennan þyngdarmun og er hann nú t.d. hafður frammar í hljóðblönduninni en áður. Einnig virðist víða hlaðið meira í útsetningar. Þess ber þó að geta að tónlist Simple Minds hefur alltaf verið þeirrar gerðar að hlusta þarf nokkrum sinnum á plötur þeirra áður en hægt er að gera sér góða grein fyrir því sem þar er að gerast.

Þar sem ég hef ekki haft Sparkle In The Rain undir höndum nema í tvo sólarhringa, þegar þetta er skrifað, en hef hins vegar hlustað mjög mikið á New Gold Dream síðan hún kom út, þá er erfitt að gera samanburð og segja til um hvor platan sé betri. Þó er vist að ekkert lag er á þessari nýju plötu sem ég tel líklegt til viðlíka vinsælda og Promised You A Miracle naut á sínum tíma. Samt sem áður eru hér greinilega nokkur mjög góð lög. Má þar nefna fyrstu fjögur lög plötunnar og þá kannski sérlega það fyrsta, sem heitir Up, On The Catwalk. Annars er fljótlega að telja upp þau lög sem ekki falla alveg í kramið hjá mér en það eru síðustu lögin hvoru megin og svo Lou Reed-lagið Street Hassle, en þessi lög geta þó varla talist mjög slæm.

Ég tel það engum efesamdu bundið að þegar upp verður staðið í lok þessa árs, muni þessi plata verða á lista yfir bestu plötur. Ef svo verður ekki getum við svo sannarlega farið að hlakka til þess sem á eftir að koma út.

eftir Gunnlaug Sigfússon

